

1972

Aldur og vöxtur á silungi í Svínavatni 1972.

Þann 19. júlí lagði ég 6 net í vatnið fyrir landi Mosfells. Alls fengust 13 urriðar og 17 bleikjur, og voru tekin aldurs-  
sýni af flestum fiskunum. Eftirfarandi niðurstöður hafa fengizt:

A. Bleikja.

<u>Aldur í árum</u>	<u>fjöldi fiska</u>	<u>lengd í cm</u>
3+	7	20.5 - 25 cm
4+	4	21.0 - 26.5
5+	1	24.5
6+	2	25.5 & 29.0
amk. 13+	1	28.0
14+	2	26.5 & 27.5

Af þessu sézt m.a. að bleikjan vex hratt fyrstu árin, og verður 22-26 cm 3-4 ára gömul. Eftir það dregur mjög úr vextinum og fiskarnir þrír, sem voru 13 og 14 ára gamlir sýna svo ekki verður um villst að vöxturinn staðnar alveg við 27-28 cm. Þótt stærri fiskar veiðist stundum, þá eru þeir sennilega stórir vegna þess að þeir hafa étið bræður sína.

B. Urriði.

15 urriðar, 21.5 - 34.5 cm, voru aldursgreindir með eftirfarandi árangri:

<u>Aldur í árum</u>	<u>fjöldi fiska</u>	<u>lengd í cm</u>
5+	2	24.0 & 25.0
6+	7	21.5 - 24.5
7+	1	25.0
8+	2	26.0 & 27.5
9+	1	31.5
10+	2	31.5 & 34.5

Af hreistrinu hefur meðallengd fiskanna í lok hvers vetrar verið reiknuð út:

Lengd við	1. vetur	3.4 cm
"	" 2. "	7.4 "
"	" 3. "	11.5 "
"	" 4. "	15.2 "
"	" 5. "	18.1 "
"	" 6. "	20.2 "
"	" 7. "	23.5 "
"	" 8. "	26.1 "
"	" 9. "	29.4 "
"	" 10. "	31.8 "

Af þessu sést að vöxturinn er mjög hægur, eða að meðaltali 3.36 cm á ári 6 fyrstu árin, og er það einhver lágsta tala sem ég hef fundið. 5 cm árlegur vöxtur er talið vera meðalgott fyrir urriða.

Munurinn á því hvort fiskur vex 3.36 cm eða 5.0 cm á ári er mjög mikill, því eftir 6 ár er sá sem vex hægar 20.2 cm og 82 g á þyngd en hinn væri orðinn 30 cm og 270 g, eða rúmlega þrisvar sinnum þyngri.

#### Ályktanir.

Ekki hefur verið gerð nein rannsókn á vatninu samkvæmt skilningi þess orðs, aðeins aflað nokkurra sýna úr fiskstofnunum. Þau gefa mjög mikilvægar og áreiðanlegar upplýsingar, þannig að hægt er að sjá í grófum dráttum hvernig ástand fiskstofnanna sé.

Það sem áður hefur verið sagt um vöxt bleikjunnar og urriðans er einmitt einkennandi fyrir vötn, þar sem offjölgun hefur átt sér stað. Eina ráðið við því er að veiða meira en nú er gert - miklu meira. Eðlilegt aflamagn í svona vatni ætti að vera um 5 kg/ha árlega. Samkvæmt því væri rétt (og nauðsynlegt) að veiða í Svínavatni ca 6 tonn á ári. Þetta samsvarar 30,000 (þrjátíu þúsund) fiskum af þeirri stærð sem er algengust (5 í kílóíð). Rétt möskvastærð neta er 29 mm á legg (22 omf/alín) og 26 mm á legg (24 omf/alín). Skulu þá notuð álíka mörg net af

hvorri stærð fyrir sig. Lauslega áætlað þyrfti að hafa í vatninu samtals um 60 slík net, 25 metra löng allt sumarið, en reynslan verður að skera úr um það.

Net sem hafa 1 1/4 tommu riðil eða þar yfir eru gagnslítill, því megnið af fiskinum syndir í gagn um þau. Sé þess óskað mun ég veita frekari útskýringar og upplýsingar bæði er varðar veiðitilhögun og eins hvar hægt verði að fá net af umræddum möskvastærðum, þegar þar að kemur.

Nóvember 1972.